

Sþ.

127. Tillaga til þingsályktunar

[102. mál]

um greiðslu ríkisframlaga samkvæmt jarðræktarlögum.

Flm.: Pálmi Jónsson, Steinþór Gestsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar, að stefnt skuli að því, að ríkisframlög samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga verði greidd út á framkvæmdaári. Þessu marki verði náð í áföngum, svo fljótt sem verða má, en þó eigi minna á næsta ári en sem svarar 20% af þeirri fjárhæð, sem ella kæmi til útborgunar árið 1974.

Greinargerð.

Sú regla hefur gilt, að ríkisframlög samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga hafa verið greidd út af Búnaðarfélagi Íslands ári síðar en framkvæmdir hafa verið unnar og úttekt farið fram. Þetta veldur því, að bændur og verktakar við jarðræktarframkvæmdir, sem oftast eru ræktunarsambönd bændanna sjálfra, verða að taka á sig í bili að standa straum af þeim fjárgreiðslum, sem ríkinu er skylt að leggja til þessara framkvæmda lögum samkvæmt. Er augljóst, að af þessu stafar vaxtakostnaður og annað óhagræði fyrir bændur, auk þess sem hér er um úrelt fyrirkomulag að ræða. Á flestum öðrum sviðum er meginreglan sú, að ríkið greiðir framlög sín jafnóðum og verk er unnið.

Nokkur framlög til ræktunarframkvæmda hafa um skeið verið greidd út af landnámi ríkisins, samkv. lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., og hafa þau framlög yfirleitt verið greidd út um leið og úttekt hefur farið fram, þ. e. á sama ári og verk er unnið. Á fjárlögum 1972 er gert ráð fyrir að Landnám ríkisins hafi til ráðstöfunar 22.8 millj. kr. sem framlög út á ræktunarframkvæmdir. Framlög samkv. II. kafla jarðræktarlaga eru á sömu fjárlögum áætluð 122.6 millj. kr., og er því hlutdeild þess fjár, sem greitt hefur verið út á framkvæmdaári, í þessum fjárhæðum samanlögðum tæplega 16%.

Við þær breytingar, sem gerðar voru á jarðræktarlögunum á síðasta Alþingi, voru þau framlög, sem til þessa hafa verið greidd út af Landnámi ríkisins, samkv. lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., felld inn í jarðræktarlögin.

Þeirri breytingu fylgir, að ef um óbreytta skipan á greiðslu jarðræktarframlaganna verður að ræða, er stigið skref aftur á bak á þann veg, að ca. 16% þeirra greiðast ári síðar til bænda en verið hefur til þessa. Það er því sérstakt tilefni til að taka þetta mál upp nú.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir, að því marki verði náð í áföngum, svo fljótt sem verða má, að framlög þessi verði öll greidd út á framkvæmdaári, þ. e. því ári, sem úttekt fer fram. Þó verði eigi minna skref stigið nú en svo, að greiðsla á 20% framlaganna komist í þetta horf á næsta ári. Til þess að svo megi verða, þarf að gera ráð fyrir því fjármagni, sem til þarf, á fjárlögum. Tillagan er þó að mati flm. mjög hófsamleg, enda farið fram á litlu meira fé í fyrsta áfanga en þurft hefði, ef hluti framlaganna yrði sem fyrr í höndum Landnáms ríkisins.

Rétt er að vekja athygli á því, að með tillögu þessari er ekki farið fram á aukið fjármagn, heldur tilfærslu á fé milli ára, þannig að framlögin komi smám saman ári fyrr til útborgunar en nú gerist. Tilefnið er og sérstakt nú, sem fyrr segir, vegna lagabreytinga á s. l. vori, sem hvort tveggja hafa í för með sér, að auðveldara er að hverfa að þeirri skipan, sem tillagan gerir ráð fyrir, um leið og það er sjálfsagðara til þess að koma í veg fyrir, að stigið verði skref til baka bændum til óhags.